

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2023
E-2023-077

Efni: **Umsögn um drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæði í Þjórsárdal**

Vísað er til draga að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæði í Þjórsárdal sem kynnt voru til umsagnar á vef Umhverfisstofnunar 6. mars síðastliðinn. Drögin voru unnin af Umhverfisstofnun, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Skógræktinni, Minjastofnun Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands. Meginmarkmið með gerð áætlunarinnar er að leggja fram stefnu um verndun landslagsverndarsvæðis í Þjórsárdal og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess þannig að sem mest sátt ríki um. Í áætluninni er lögð fram stefnumótum til framtíðar, ásamt aðgerðaáætlun til þriggja ára. Áætlunin er sett fram í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Landsvirkjun þakkar tækifæri til umsagnar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Í stefnu fyrir svæði það sem hér um ræðir er sérstaklega tekið fram að „til þess að ná fram markmiðum verndunar svæðisins skal Umhverfisstofnun stuðla að sem viðtækustu samráði og gera samráðsáætlun“. Um þetta er frekar fjallað í þeim drögum að stjórnunar- og verndaráætlun sem hér er til umfjöllunar. Tekið er fram að gerð hafi verið hagsmunaaðilagreining með það fyrir augum að greina þá aðila sem eiga ríkra hagsmuna að gæta innan svæðisins og sem gætu lagt hönd á plóg við að móta stefnu um náttúruvernd og nýtingu á svæðinu. Þá kemur enn fremur fram í áætluninni að hún sé unnin í samvinnu við stofnanir og sveitarfélög sem hlut eiga að máli.

Þrátt fyrir að um það sé fjallað í drögum þessum að deiliskipulag Búrfellsvirkjunar teygi sig inn á verndarsvæðið, þá hefur ekki verið haft samráð við Landsvirkjun, eiganda virkjunarinnar, við vinnu að umræddri áætlun. Landsvirkjun er með umfangsmikla starfsemi í nágrenni verndarsvæðisins og helsti aðkomu- og þjónustuvegur að Búrfellsvirkjun og fleiri virkjunum fyrirtækisins er innan verndarsvæðisins. Landsvirkjun hefði gjarnan óskað þess að haft hefði verið samráð við fyrirtækið við vinnu að gerð áætlunarinnar.

Með vísan til ofangreinds og í anda umræddrar áherslu á samráð hvetur Landsvirkjun til þess að fyrirtækið verði hluti af frekara samráði Umhverfisstofnunar um svæðið enda á fyrirtækið þar ríkra hagsmuna að gæta. Landsvirkjun er næsti nágrenni verndarsvæðisins og mannvirki fyrirtækisins eru samofin landslagsheild Þjórsárdals. Í þessu ljósi telur Landsvirkjun mikilvægt að gott samstarf ríki á milli Umhverfisstofnunar og Landsvirkjunar á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Þórólfur Nielsen
Forstöðumaður stefnumótunar
og sjálfbærni